

Ársskýrsla 2023



Minjastofnun
Íslands

Ljósmynd á forsiðu:

Yfirlitsmynd yfir túbreiður gamla bæjarins í Grindavík, 11. desember
2023 áður en eldsumbrot hófust í Sundhnjúkagígum.

Ljósmyndari: Ómar Valur Jónasson.

© 2025 Minjastofnun Íslands
Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland

(+354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnés Stefánsdóttir

Ómar Valur Jónasson

Sólrún Inga Traustadóttir

Ábyrgðarmaður:

Rúnar Leifsson

ISSN 2547–6475

Efnisyfirlit

Kveðja forstöðumanns	4
Um stofnunina	6
Mannauðsmál.....	8
Lagabreytingar	9
Starfsmannaferðir	9
Ársfundur	9
Minjaverndarviðurkenning 2023.....	10
Verkefni ársins	11
Skuldaþingsey	11
Stöng í Þjórsárdal.....	12
Eldsumbrot á Reykjanesskaga.....	13
Saltvík í Norðurþingi	14
Landbrot í landi Óss	15
Fundur kirkjugarðs á Hóli í Skagafirði	16
Minjavefsjá.....	17
Ný heimasíða.....	18
Þingvellir í Helgafellssveit	18
Yngri minjar í borgarlandinu	19
Endurnýting byggingarefna.....	19
Mosfellsbær – endurskoðun á aðalskipulagi	19
Verndun og friðlýsingar	20
Skrúður, Neðstikaupstaður og Skutulsfjarðareyri.....	20
Ný stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi	21
Ráðgefandi nefndir og minjaráð.....	22

Samstarfsverkefni	23
Innlent samstarf.....	23
Alþjóðlegt samstarf.....	23
Leyfisveitingar.....	24
Fornleifarannsóknir.....	24
Inn- og útflutningur menningarminja	24
Skráning menningarminja	25
Hús og mannvirki	25
Fornleifar.....	25
Málaföldi og viðfangsefni	26
Fjármál.....	32
Fornminjasjóður	32
Rekstrarreikningur.....	33
Húsafriðunarsjóður.....	34
Rekstrarreikningur.....	35
Minjastofnun Íslands.....	36

Kveðja forstöðumanns

Það markaði tímamót í minjavörslu á Íslandi þegar Kristín Huld Sigurðardóttir lét af störfum sem forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sökum aldurs þann 30. apríl 2023. Kristín Huld helgaði starfsævi sína menningarminjum og minjavernd. Hún var fyrsti og eini forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins allt frá árinu 2001 og tók svo við Minjastofnun Íslands árið 2013 þegar sú stofnun tók til starfa við sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafríðunarnefndar ríkisins. Ég þakka Kristínu Huld kærlega fyrir elju hennar og framlag til verndar menningarminja hér á landi undanfarna áratugi.

Árið 2023 einkenndist af áframhaldandi vinnu við fyrirhugaða sameiningu Minjastofnunar Íslands við náttúruverndarhluta Umhverfisstofnunar, Vatnajökulþjóðgarð og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Ráðgert er að ný stofnun taki til starfa 1. janúar 2025. Sem innlegg í þessa vinnu og til að fá dýpri skilning á málaflokki menningarminja, skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfshóp sem vinna átti mat á stöðu minjaverndar í landinu og gera tillögur til úrbóta við framkvæmd hennar. Undirritaður sat í starfshópnum fyrir hönd menningar- og viðskiptaráðuneytis allt þar til hann tók við sem settur forstöðumaður Minjastofnunar Íslands þann 1. maí.

Starfshópur ráðherra skilaði niðurstöðum sínum í skýrslunni *Minjavernd: staða, áskoranir og tækifæri* sem gefin var út af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti í október. Þar er sýnt fram á hvernig áralöng vanfjármögnun minjaverndar og rannsókna á menningarminjum hefur staðið framþróun málaflokksins fyrir þrifum. Til að mynda sé mikilvægt að hið opinbera leggi rækt við og styðji


grunnrannsóknir líkt og skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja. En heildstæð skráning menningarminja á landsvísu og sú yfirsýn sem slík vinna skilar ætti að vera grundvöllur minjaverndar hérlendis. Starfshópurinn greindi jafnframt ýmsa möguleika sem til staðar eru fyrir þróun málaflokks minjaverndar. Vegur þar þungt aukin aðkoma almennings, vitundarvakning sem fæst fram með stóraukinni miðlun og að þróaðir verði jákvæðir hvatar til minjaverndar. Ljóst er að Minjastofnunar bíða ærin verkefni á komandi árum og verður stöðumat starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar dýrmætt leiðarljós.

Heildarfjöldi þeirra mála sem berast inn á borð Minjastofnunar heldur áfram að aukast líkt og jafnan hefur verið undanfarin ár. Umsagnarskylda stofnunarinnar vegna skipulagsáforma, framkvæmda af ýmsum toga og húsverndar vega þar þungt og endurspeгла aukin umsvif í samfélaginu. Um áramótin 2022/2023 tóku gildi breytingar á menningarminjalögum er varða aldursmörk friðaðra og umsagnarskyldra húsa og mannvirkja. Annars vegar féll úr gildi svokölluð hundrað ára regla um friðuð hús og er nú miðað við að hús byggð árið 1923 eða fyrr séu friðuð. Einnig voru aldursmörk umsagnarskyldra húsa og mannvirkja breytt frá byggingarári 1925 í 1940. Með lagabreytingunni fjölgar umsagnarskyldum húsum um þúsundir á einu bretti sem fyrirséð er að muni þyngja alla

starfsemi Minjastofnunar á sviði húsverndar á komandi árum.

Minjaverndarmál ársins 2023 eru að öðru leyti fjölbreytt líkt og jafnan er og varða bæði forvarnir sem og viðbrögð vegna hættu sem stafar að menningarminjum. Af jákvæðum málum má nefna að framkvæmdir hófust á Stöng í Þjórsárdal við endurgerð yfirbyggingar yfir skálann sem grafinn var upp árið 1939, en að þeirri framkvæmd lokinni opnast ýmsir möguleikar til miðlunar fróðleiks um fornleifar í hinum friðlýsta Þjórsárdal. Af erfiðari málum ber að nefna jarðhræringar og eldsumbrot sem hófust við Grindavík. Skemmdir hafa orðið á húsum og öðrum menningarminjum í bænum og er ekki bitið úr nálinni með viðbrögð eða úrlausn þeirra mála.

Loks fögnum við því að tveir starfmenn bættust í sterkan hóp starfsfólks Minjastofnunar. Bryndís Róbertsdóttir tók til starfa á húsverndarsviði og sinnir meðal annars af röggsemi málum er varða húsafríðunarsjóð. Jafnframt eru nú öll minjasvæði landins mönnuð sínum eigin minjaverði eftir langa bið. En Minjastofnun Íslands veittist mikilvægur liðsstyrkur í desember þegar dr. Lísabet Guðmundsdóttir var ráðinn minjavörður Vestfjarða og mun hún halda skrifstofu sína á Hólmavík í framtíðinni.



Dr. Rúnar Leifsson
Forstöðumaður




Mynd 1: Dr. Rúnar Leifsson.

Um stofnunina

Snemma árs kynnti Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, fyrirhugaðar sameiningar stofnana í Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og munu 10 stofnanir verða 3 ef þessar breytingar ganga í gegn. Minjastofnun Íslands myndi þá verða sett undir **Náttúruverndar- og minjastofnun** ásamt Vatnajökulsþjóðgarði, Þjóðgarðinum á Þingvöllum og náttúruverndarsviði Umhverfisstofnunar. Í lok árs hafði ekki enn orðið af sameiningum stofnana í Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Fyrir á árinu, í janúar, skipaði ráðherra einnig starfshóp sem hafði það hlutverk að vinna tillögur að stöðumati á framkvæmd minjaverndar í landinu. Tillögur starfshópsins voru margar og snúa lykiltillögur m.a. að eflingu grunnrannsókna, kortlagningu á minjum og menningarlandslagi og að gert verði áttak í að auka áhuga almennings á minjum. Starfshópurinn setti sér eftirfarandi markmið:

- Að öðlast innsýn í ástand og vöktun menningarminja á Íslandi og tilgreina þá minjaflokka, minjaheildir og minjastaði sem álitid er að séu í mestri hættu á að glata minjagildi sínu eða tapast að miklu leyti á næstu árum.
- Að draga fram helstu áskoranir við minjavörslu og greina hvar tækifæri til umbóta liggja.
- Að greina stöðu, þróun og helstu áskoranir hinna tveggja lögbundnu sjóða á sviði menningarminja á tímabilinu 2013-2023, þ.e. Húsafriðunarsjóðs og Fornminjasjóðs.



Mynd 2: Breytt skipulag stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

„Skýrslan sem starfshópurinn skilaði nú í dag er vönduð og góð, enda komu margir að gerð hennar. Skilaboðin eru skýr, það er verk að vinna og sannarlega margar áskoranir. Okkur liggur á að bjarga menningarminjum sem víða eru að hverfa en það eru líka mörg sóknarfæri fyrir minjavernd á Íslandi. Skýrslan er góður grunnur fyrir okkur til þess að vinna áfram með. Það er og verður forgangsmál hjá okkur að vinna áfram með þessar ábendingar og tillögur.“ Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, 25. október 2023

Starfshópurinn kynnti svo skýrslu sína *Minjavernd - staða, áskoranir og tækifæri* þann 25. október 2023 og er þar að finna 49 tillögur til úrbóta, en umfang skýrslunnar takmarkast við þá hluta minjaverndar sem snúa að starfsemi Minjastofnunar Íslands.

Meðal lykiltillagna sem fram koma í skýrslunni er að þörf sé á að:

- Blása til sóknar í að auka áhuga fólks á minjum og koma á hvötum til að vernda þær
- Setja kraft í öflun og miðlun þekkingar
- Efla rannsóknir á sviði menningarminja og menningararfs
- Koma á grænum hvötum í tengslum við loftslagsmál og hringrásarhagkerfið í átt að breyttri nýtingu húsa
- Greina hvaða möguleikar eru til þess að styrkja fjárhagslegar stoðir minjaverndar
- Vernda merkar nýminjar í lögum
- Gera aðgerðaáætlun um hvernig vekja megi áhuga almennings á minjum

Telur starfshópurinn að hlúa þurfi betur að friðlýstum minjastöðum og fá þurfi gleggri mynd af ástandi þeirra. Þá þurfi að byggja upp grunnrannsóknir á sviði menningarminja og menningararfs og auka yfirsýn. Eins hvetja höfundar til að ríkið taki stærri skref í fjármögnun grunnrannsókna menningarminja og að í því sambandi sé horft til þess hvernig staðið er að grunnrannsóknum á náttúru hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Loks er sérstaklega hvatt til þess að evrópski landslagssamningurinn verði innleiddur, þar sem komið er inn á samhengi sjónrænna gæða, náttúrugæða og menningarlandslags. Skýrslan í heild sinni er aðgengileg hér.



Mynd 3: Starfshópurinn við afhendingu skýrslunnar til ráðherra.

Starfshópurinn skipaðu:

- Birgir Þórarinnsson, formaður
- Arnhildur Pálmadóttir, Arkitektafélagi Íslands
- Erna Hrönn Geirsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga
- Orri Vésteinsson, Félag fornleifafræðinga
- Rúnar Leifsson, menningar- og viðskiptaráðuneytið - Vilhelmina Jónsdóttir, tók við eftir að Rúnar var skipaður forstöðumaður Minjastofnunar Íslands

Með starfshópnum störfuðu Dagný Arnardóttir og Guðríður Þorvarðardóttir frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Mannauðsmál

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra setti Dr. Rúnar Leifsson tímabundið í embætti forstöðumanns Minjastofnunar Íslands í maí, til eins árs. Rúnar er með doktorspróf í fornleifafræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað við opinbera stjórnsýslu undanfarin ár, bæði hjá Minjastofnun Íslands og í Stjórnarráðinu.

Á sama tíma og við tókum vel á móti Rúnari kvöddum við Dr. Kristínu Huld Sigurðardóttur og þökkum henni fyrir gott samstarf á liðnum árum sem og hennar mikilvæga framlag til minjavörslu á Íslandi síðastliðna áratugi.

Bryndís Guðrún Róbertsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri sjóða og innviðauppbyggingar. Hún er land- og jarðfræðingur að mennt. Bryndís hefur mikla reynslu af stjórnsýslu og vann hjá Orkustofnun í 17 ár við leyfisveitingar, umsagnir og alþjóðlegt samstarf auk þess sem hún hefur reynslu af fornleifaskráningu og gjóskulagarannsóknum.

Lísabet Guðmundsdóttir var ráðin minjavörður Vestfjarða. Hún er fornleifafræðingur að mennt og mun verja doktorsverkefni sitt í janúar 2024. Lísabet er reynslumikil á sviði menningarminja og hefur starfað við fornleifarannsóknir á Íslandi, Grænlandi og í Noregi. Hérlandis hefur hún verið leiðandi undanfarin ár við björgunarrannsóknir á minjum í hættu við sjávarsíðuna og verið ötull talsmaður minja í hættu. Lísabet mun hefja störf á nýju ári 2024.



Mynd 4: Bryndís Guðrún Róbertsdóttir.



Mynd 5: Dr. Lísabet Guðmundsdóttir.

Lagabreytingar

Lög nr. 35/2023 um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (uppbygging innviða) tóku gildi 1. nóvember 2023. Með þeim lögum var gerð sú breyting á lögum nr. 80/2012 um menningarminjar að í stað orðanna "eða deiliskipulagi" í 1. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: deiliskipulagi eða raflínuskipulagi. Í greinargerð með frumvarpi til laganna kemur fram að það sé gert til að tryggja sé að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laganna fari fram áður en gengið verði frá raflínuskipulagi.

Starfsmannaferðir

Starfsfólk Minjastofnunar Íslands heimsótti þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi þann 8. nóvember þar sem Hákon Ásgeirsson, þjóðgarðsvörður, tók vel á móti hópnum. Hann kynnti starfsemi Snæfellsjökulþjóðgarðs og því næst var farið að Gufuskálum þar sem rætt var um minjar í hættu og kosti og galla varðandi verndaraðgerðir.

Ársfundur

Ársfundur Minjastofnunar var haldinn þann 23. nóvember í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15 í Reykjavík. Þema fundarins þetta árið var *Yngri minjar – Áskoranir og tækifæri*. Hægt er að horfa á fundinn í heild sinni á [Youtube](#) síðu stofnunarinnar. Góðar umræður sköpuðust um ársþemað enda fjölbreyttur hópur fyrirlesara sem kom saman að þessu sinni og vel var mætt á fundinn í Safnahúsinu, eða um 60 manns. Fundinum var einnig streymt undir dyggri stjórn starfsmanna Streymu.



Mynd 6: Starfsfólk Minjastofnunar Íslands.



Mynd 7: Dagskrá ársfundar 2023.

Minjaverndarviðurkenning 2023

Á ársfundinum veitti stofnunin Fornverkaskólanum í Skagafirði sérstaka viðurkenningu fyrir framlag þeirra til varðveislu á fornu byggingarhandverki.

Frá árinu 2007 hefur Fornverkaskólinn boðið upp á námskeið í gömlu byggingarhandverki með sérstaka áherslu á torf sem byggingarefni. Með námskeiðum sínum hefur skólinn miðlað þekkingu til áhugafólks og fagfólks innan minjavörslu á gömlu handverki og um leið stuðlað að varðveislu handverkshefða sem hafa verið á undanhaldi. Þekking á gömlum byggingaraðferðum er forsenda þess að hægt sé að halda við torfhúsaarfi þjóðarinnar. Fjöldmargir erlendir aðilar sem starfa á sviði menningararfs hafa sótt Fornverkaskólann í gegnum árin. Oft á tíðum er sú þekking sem námskeiðin bjóða upp á ekki til staðar í þeirra heimalöndum og hefur Fornverkaskólinn því gegnt mikilvægu hlutverki á alþjóðavísu.

Fornverkaskólinn er á vegum Byggðasafns Skagfirðinga í samstarfi Tréiðnadeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Háskólans á Hólum. Á undanförunum árum hefur skólinn fengið afnot af torfbæ ásamt útihúsum sem standa á Tyrfingsstöðum í Skagafirði og hefur viðhald bæjarins orðið viðfangsefni skólans á námskeiðum hans. Með Tyrfingsstaðaverkefninu og námskeiðum Fornverkaskólans hefur markvisst verið unnið að endurheimt og uppbyggingu torfbæjarins ásamt tilheyrandi útihúsum í túninu, í samvinnu við ábúendur.

Við óskum Fornverkaskólanum innilega til hamingju með viðurkenninguna og þökkum öllum þeim aðilum sem koma að þessu mikilvæga brautryðjendastarfi í þágu minjaverndar á Íslandi.



Mynd 8: Frá vinstri: Rúnar Leifsson forstjóri Minjastofnunar, Berglind Þorsteinsdóttir safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga, Inga Katrín Magnúsdóttir verkefnastjóri Fornverkaskólans, Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf., Sigríður Sigurðardóttir stofnandi fornverkaskólans og fyrrum safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Verkefni ársins

Skuldaþingsey

Starfsmenn Minjastofnunar fóru í Skuldaþingsey á Fljótsbakka við Skjálfandafljót, en þar er að finna friðlýstan þingstað með a.m.k. 30 þingbúðum.


“Fljótsbakki. a. Öll mannvirki á hinum forna Þingeyjarþingstað í Þingey. Sbr. Árb. 1906: 4-5. b. Allar fornar búðatóftir í Skuldaþingsey. Sbr. Bruun 1928: 100-104. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 1931.” (Úr Skrá um friðlýstar fornleifar).

Búðirnar eru þaktar þykku lyngi og afar þýft er á svæðinu. Þær falla því mjög inn í umhverfið og ekki auðvelt að koma auga á þær á jörðu niðri. Þar má einnig sjá gamlan árfarveg sem skiptir svæðinu í tvennt. Starfsmenn flugu flygildi (dróna) yfir svæðið í u.þ.b. eina og hálf klukkustund og úr varð þrívíddarlíkan af þingstaðnum forna sem hægt er að skoða á síðu stofnunarinnar: [Þrívíddarlíkön Minjastofnunar](#)

Hér má einnig finna stutt myndband af þingbúðunum þegar flogið var yfir þingstaðinn: [Skuldaþingstaður við Skjálfandafljót](#)



Mynd 9: Loftmynd af þingbúðum í Skuldaþingsey.



Mynd 10: Skjáskot af þrívíddarlíkani af þingstaðnum.

Stöng í Þjórsárdal

Sumarið 2023 fór fram fornleifarannsókn á Stöng í Þjórsárdal vegna lagfæringa og breytinga á yfirbyggingu skálans þar. Verkefnið á sér langa forsögu sem hófst árið 2012 þegar efnt var til samkeppni um nýja yfirbyggingu á Stöng. Vinningshafi samkeppninnar, *Sprint Studio*, hannaði endurbætur á yfirbyggingunni sem fyrir var í stað þess að reisa nýtt hús frá grunni.

Fornleifarannsóknin hófst í seinni hluta júnímánaðar og stóð yfir til loka júlí. Starfsmenn Minjastofnunar Íslands unnu að rannsókninni ásamt fornleifafræðingum frá Fornleifastofnun Íslands ses. Einn verkþáttanna var að lengja skýlið um 4 m til austurs sem þýddi að fara þurfti í jarðrask á um 40 m² svæði. Hugmyndin var að koma fyrir palli eða svölum þar sem gestir geti stigið inn og virt rústina fyrir sér að ofan.

Fljótlega eftir að hafist var handa við uppgröft kom í ljós bygging á um 1,3 m dýpi undir yfirborði. Svo virðist sem byggingin sé að stofni til eldri en skálinn sem nú er sjáanlegur. Húsið virðist hafa verið býsna lengi í notkun og verið hlaðið upp og notað samtíða skálanum sem einhvers konar skemma. Mögulega hefur verið innangengt úr byggingunni inn í eldri skála sem vísbendingar eru um að sé að finna undir þeim sem nú er sýnilegur.

Rannsóknir fóru einnig fram umhverfis skálann í tengslum við framkvæmdirnar og staðfestu þær að Stöng fór í eyði í kjölfar Heklugossins árið 1104. Hvergi finnast merki um mannvist yfir vikurlaginu 1104 sem er á u.þ.b. 1,2 m dýpi undir sverði, en fast undir því eru viðarkol, brennd bein, móaska o.fl. langleiðina niður að gjóskulaginu úr Eldgjá frá árinu 939 e. Kr. Þar undir eru engin merki um mannvist á Stöng sem þýðir að búið hefur verið á Stöng í um 150 ár.



Mynd 11: Uggi Ævarsson (MÍ) og Ragnheiður Gló Gylfadóttir (FSÍ) við störf.



Mynd 12: Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæðinu, 21.07.2023.

Eldsumbrot á Reykjaneskaga

Vegna þeirrar hættu sem fornleifum getur stafað af jarðhræringum og hraunrennsli réðist Minjastofnun í stórátak við skráningu fornleifa á áhættusvæðum við fyrstu ummerki yfirvofandi eldsumbrota. Þegar eldgosíð hófst í Geldingadölum í Fagradalsfjalli 19. mars 2021, hafði tekist að skrá stóran hluta þeirra minja sem voru í mestri hættu og hélt það starf áfram eftir að gosíð hófst. Vinna þessi hefur komið sér afar vel til að leggja mat á áhrif eldsumbrota á menningarminjar.

Í október 2023 hófst öflug skjálftahrina norðan við Grindavík og tók land að rísa við Þorbjörn. Umtalsvert tjón varð í bænum og lágu stórar sprungur þvert í gegnum hann. Meginsprungan lá m.a. í gegnum gamla bæinn í Grindavík og ollu jarðhræringar þessar verulegum skemmdum á menningarminjum í bænum. Eldgos hófst svo við Sundhnúksgíga þann 18. desember 2023.

Óhætt er að segja að jarðhræringarnar og svo eldgosahrinan við Sundhnúksgíga 2023-2024 sé á meðal mestu náttúruhamfara sem gengið hafa yfir þjóðina á síðari tímum. Þetta hefur skapað ýmis konar áskoranir fyrir minjavörsluna og er sannarlega ekki lokið enn. Ekki aðeins hafa hús og aðrar minjar stórskemmt vegna jarðskjálftanna, heldur hafa einstaka minjar lent undir hrauni og varnargörðum. Þessar sérstöku aðstæður urðu til þess að sett voru lög um vernd mikilvægra innviða á Reykjaneskaga. Snéru þau fyrst og fremst að uppbyggingu varnargarðanna í kringum Grindavík. Við gildistöku þeirra var sú óvenjulega staða uppi að skv. 5. grein þeirra voru ákvæði laga um menningarminjar, ásamt ýmsum öðrum lögum, tekin úr gildi. Það hefur samt ekki komið í veg fyrir að framkvæmdaraðilar hafa haft gott samráð við Minjastofnun í tengslum við byggingu varnargarðanna.



Mynd 13: Yfirlitsmynd af fornleifum við gamla bæinn í Grindavík (Járngerðarstaðir).



Mynd 14: Garðhús, Vesturbraut 10 er steinsteypt friðað hús byggt árið 1914 sem stórskemmdist í jarðskjálftunum haustið 2023. Búið var að gera húsið upp af miklum myndarbrag með styrk úr húsafríðunarsjóði.

Saltvík í Norðurþingi

Á árinu barst Minjastofnun erindi vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Saltvíkur í Norðurþingi. Vitað var af fjölmörgum tóftum innan hins fyrirhugaða skógræktarsvæðis og var því farið fram á uppfærslu á fornleifaskráningu.

Áður hafði farið fram fornleifauppgröftur á svæðinu og því þekkt að suður af bænum væru tvær rústaþyrpingar eldri en frá 15. öld, annars vegar við Gildrugil og hins vegar við Mýrarlæg. Austastar eru rústir á austurbakka Gildrugils og eru þar tvær langhústóftir sem gætu verið skálar. Í kringum þær eru nokkrar minni tóftir sem tengjast líklega búskap. Við Mýrarlæg eru tvær þyrpingar til viðbótar. Í þeirri nyrðri eru tvær skálalaga tóftir og í nágrenni þeirra fannst lítill öskuhaugur. Syðri þyrpingin er stærri og fannst þar langhús. Suðvestan við það er jarðhús en í brekkunni neðan við skálann fundust merki um lítinn öskuhaug. Uppi á hæðinni milli Gildrugils og Mýrarlágar fundust tvær grafir sem báðar hafa verið rændar á 15. öld. Mannabein fundust í þeim báðum en staðsetning og ummerki benda til að þetta séu kuml úr heiðnum sið.

Rannsóknir sýndu að búið var á þessum stöðum eftir árið 950. Ætla má að byggðin hafi verið aflögð um 1300.

Auk þessa eru margar fornar reiðgötur sem mætast skammt frá túngarðinum í Saltvík og héldu áfram til Húsavíkur. Ein kom frá ferjustað við Laxamýri, önnur úr Reykjahverfi allt frá Laxárdal og Mývatnssveit og sú þriðja yfir Hvammsheiði, frá ferjustað við Núpa.

Í kjölfar á uppfærslu skráningarinnar lagði Minjastofnun til að fallið yrði frá skógrækt á því svæði þar sem þetta merka búsetulandslag var að finna. Var fallist á það og skógræktarsvæðið var fært til innan jarðarinnar.



Mynd 15: Loftmynd af minjum við Gildrugil, ljósmyndari: Árni Einarsson.



Mynd 16: Loftmynd af minjum við Mýrarlæg, ljósmyndari: Árni Einarsson.

Landbrot í landi Óss

Í ágústmánuði fór minjavörður Austurlands og skoðaði friðlýstar fornleifar í landi Óss á Borgarfirði eystri. Stofnuninni höfðu borist ábendingar um að fornleifar væru þar í hættu vegna landbrots.

Í landi Óss voru friðlýstar fornar nausta- og verzlunarbúðartóftir við Fjarðarós af Matthíasi Þórðarsyni árið 1930. Friðlýsingin byggir á frásögn úr *Antiquarisk Tidsskrift* frá 1846-1848 og í *Bidrag til en historisk-topografisk beskrivelse af Island* (bindi 2) eftir Kristian Kaalund frá 1879-82. Í *Antiquarisk Tidsskrift* segir Síra Sigurður Gunnarsson á Desjamýri frá stórum tóftum norðan við Fjarðararós og að sumar séu 5 faðmar á lengd og 2-2,5 faðmar á breidd. Sumar tóftirnar eru túlkaðar sem naust og taldar hafa tilheyrt Hamborgarmönnum en þeir hafi auk þess haft verslun í Hafnarhólmanum sem er norðaustar í firðinum. Kaalund nefnir að við mynni árinna hafi verið höfn og að þar sé að finna leifar af verslunarbúðum og naustum.

Við vettvangskonunnun á svæðinu kom í ljós að allar friðlýstar fornleifar sem voru skráðar á vettvangi árið 2010 voru enn til staðar. Landbrot er þó greinilegt og ef áfram heldur mun það koma til með að hafa eyðileggjandi áhrif á minjarnar. Rofbakkinn var mældur upp til að hægt sé að vakta svæðið í framtíðinni en sé hann borinn saman við bakkann á loftmynd frá 1958 má sjá að allt að 6 m eru nú þegar farnir. Fornleifar við sjávarsíðuna eru margar hverjar í stórhættu og eru fleiri staðir á Austurlandi sem og víða um land þar sem minjar eru að brotna fram í sjó.



Mynd 17: Loftmynd af fornleifunum við strandlínuna í landi Óss á Borgarfirði eystri.



Mynd 18: Tóftir í landi Óss á Borgarfirði eystri.

Fundur kirkjugarðs á Hóli í Skagafirði

Í ágúst 2023 barst minjaverði Norðurlands vestra tilkynning um að mannabein hefðu fundist í jörðu á bænum Hóli í Sæmundarhlíð. Starfsmenn Rarik voru að leggja heimtaug að bænum og rákust á höfuðkúpu og fleiri bein í lagnaskurði og höfðu strax samband. Minjavörður, ásamt deildarstjóra fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga, mættu á staðinn og kom þá í ljós að beinin voru úr tveimur einstaklingum. Við nánari rannsókn fundust fleiri bein og grafir og ljóst var að þarna var fundinn kirkjugarður. Við skoðun á gjóskulögum mátti sjá að hluti grafanna var undir gjósku úr Heklu sem féll árið 1104 og þær grafir því teknar fyrir þann tíma. Gjóska var hins vegar ekki greinanleg yfir öllum gröfunum og því ekki hægt að útiloka að áfram hafi verið grafið í garðinn eftir það.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er getið um bænhús á jörðinni og segir þar: „Bænhús hefur hér að fornu verið, en af fallið í manna minni og ekki tíðir veittar, þar sést enn tóttin, sem kölluð er Bænhústóft“ (JÁM IX, bls. 77-78). Bænhús voru kirkjur með takmörkuð réttindi og þjónustu og var m.a. ekki heimilt að greftra við bænhús. Rannsókn á fornum kirkjum og bænhúsum hefur hins vegar leitt í ljós að bænhúsin hafa í flestum tilfellum verið bændakirkjur með kirkjugarði í upphafi. Til viðbótar við kirkjugarðinn komu í ljós aðrar mannvirkja- og mannvistarleifar frá sama tíma, m.a. tvö garðlög ásamt hugsanlegum kirkjuleifum og rusla- og móöskulög frá 11. öld.

Jörðin Hóll kemur ekki fyrir í heimildum fyrr en á 15. öld og hefur þessi fornleifafundur því bætt miklu við sögu jarðarinnar og staðfest búsetu aftur til 11. aldar, sem og tilvist kirkju og kirkjugarðs úr frumkristni.



Mynd 19: Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur, Hjörtur Týr Björnsson og Sigurður Snorri Gunnarsson hjá RARIK og Jón Grétarsson á Hóli.




Mynd 20: Hóll í Sæmundarhlíð. Mannabein fundust í skurðinum hægra megin á myndinni, en dýrabein og mannvistarlög ofarlega í hinum skurðinum.


Minjavefsjá

Í mars var kynnt til leiks ný þekja í minjavefsjónni er nefnist *Fornleifaskráning, vinnuskrá*. Í þekjunni er að finna skráningargögn í formi punktastaðsetningar og í sumum tilvikum eru hlekkir á viðeigandi skráningaskýrslur. Þekjan hefur að geyma alls 13.775 fornleifar sem bætast við rúmlega 16.000 fornleifar sem voru fyrir í vefsjónni.

Gögnin í þekjunni hafa borist Minjastofnun Íslands frá aðilum sem hafa sérhæft sig í skráningu menningarminja en síðan 1. janúar 2013 hefur verið skilaskylda á öllum skráningargögnum til stofnunarinnar, s.s. skráningarskýrslum og landupplýsingagögnum (punkta-, línu- og flákagögn). Gögnin í þekjunni hafa ekki verið yfirfarin af starfsfólki stofnunarinnar og ber því að taka þeim með fyrirvara. Í einhverjum tilfellum gætu mannleg mistök hafa átt sér stað við skráningu, svo sem villur við innslátt texta eða í hnitastaðsetningu. Gögnin í þekjunni uppfylla því ekki skilyrði til skipulagsgerðar eða í tengslum við framkvæmdir heldur eru eingöngu til viðmiðunar.




Mynd 21: Tákn vinnuskrá í minjavefsjónni.



Mynd 22: Skjáskot af dreifingu þekjunnar í minjavefsjónni.

Ný heimasíða

Nýrri heimasíða var komið í loftið eftir langan aðdraganda. Ritillinn sem er að baki er mjög þægilegur í notkun og auðveldar vinnu við að setja inn efni á síðuna. Fyrirtækið Stefna ehf. hannaði og smíðaði síðuna með starfsfólki Minjastofnunar, þeim Ómari Val Jónassyni og Sólrúnu Ingu Traustadóttur. Við þökkum Stefnu kærlega fyrir samstarfið og vonum að notendur verði ánægðir með nýju síðuna.



Mynd 23: Skjáskot af forsíðu nýrrar heimasíðu.

Þingvellir í Helgafellssveit

Aukin aðsókn hefur verið í að endurbyggja minjar og/eða reisa tilgátuhús. Má þar nefna gömlu réttina í Ólafsvík, Hrísakot í Helgafellssveit og Ólafsdal. Nýjasta dæmið er á Húsatanga á Þingvöllum í Helgafellssveit en óskað var eftir leyfi til að endurgera tvær litlar tóftir þar í landi. Jón Ragnar Daðason smiður hafði yfirumsjón með verkinu, Guðjón Kristinsson, hleðslumeistari, bar ábyrgð á hleðslum og Hjörleifur Sigþórsson var arkitekt verksins. Er nú risið þar tilgátumannvirki, unnið að hluta með verkunnáttu fyrri tíma.



Mynd 24: Vinna við gerð tilgátuhússins í landi Þingvalla, Helgafellssveit.

Yngri minjar í borgarlandinu

Samtal milli Minjastofnunar og Reykjavíkurborgar um stöðu yngri minja, her- og iðnminja hafa haldið áfram þetta árið og ákveðnum kafla var náð þegar unnin var húsakönnun fyrir bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum Reykjavíkurborgar. Þar var gerð tillaga um hverfisvernd fyrir fjórar bensínstöðvar sem byggðar voru á árunum 1946-1978 og sýna áhugaverðan þverskurð af byggingarlist þess tíma.

Endurnýting byggingarefna

Nokkuð hefur borið á eftirspurn eftir notuðu byggingarefni, gluggum, hurðum og þessháttar vegna viðhalds gamalla húsa og fóru arkitektar Minjastofnunar því í vettvangsferð til Efnismiðlunar SORPU til að kynna sér markað fyrir notuð byggingarefni. Mikill áhugi er að vinna áfram að miðlægum vettvangi til að koma þeim í hringrás.

Mosfellsbær – endurskoðun á aðalskipulagi

Heildarendurskoðun á aðalskipulagi Mosfellsbæjar var kynnt á árinu og þar má lesa að eitt af meginmarkmiðum sveitarfélagsins er að efla aðgengi að menningarverðmætum. Þetta má meðal annars sjá í rammahluta aðalskipulagsins um uppbyggingu í Blikastaðalandi. Þar er fyrirhugað að varðveita Blikastaðabæinn, skapa sögutengingu við hann með sterkum staðaranda á nýju miðsvæði. Áhugavert verður að fylgjast með uppbyggingu þessa svæðis næstu árin.



Mynd 25.: Grjótmulningshúsin á Ártúnshöfða. Mynd fengin úr skýrslunni Ártúnshöfði – Svæði 1-4, Húsakönnun. Borgarsögusafn Reykjavíkur. © Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Ljósmyndari: Valdimar Thorlacius. Mynd úr verkefninu „Myndræn skráning - borg í breytingum“.

Grjótmulningshúsin eru dæmi um þær yngri minjar sem Minjastofnun hefur sett sérstaka áherslu á í stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi 2022-2027. Húsin eru staðsett á einu elsta iðnaðarsvæði á Ártúnshöfðanum en þar hófst uppbygging í kringum grjót- og sandnám bæjarins á fyrri hluta 5. áratugarins.

Verndun og friðlýsingar

Skrúður, Neðstikaupstaður og Skutulsfjarðareyri

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, undirritaði í október friðlýsingu Skrúðs á Núpi í Dýrafirði. Friðlýsingin er gerð að tillögu Minjastofnunar Íslands og er fyrsta friðlýsing menningarminja frá því málaflökkurinn færðist til ráðuneytisins.

Skrúður er skrúðgarður sem ber einkenni klassískra garða í Evrópu frá 16. og 17. öld og telst garðurinn einstakt mannvirki á íslenskan mælikvarða. Hann á sér merkilega sögu, m.a. sem fyrsti kennslugarðurinn löngu áður en slíkar hugmyndir höfðu skotið rótum hér á landi. Vinna við gerð hans hófst árið 1905 og voru fyrstu trén gróðursett árið 1908.

Friðlýsingin tekur til Skrúðs í heild samkvæmt upphaflegu skipulagi garðsins og tegundaflóru, auk steinhlaðinna veggja, garðhliðs úr hvalbeini, gosbrunn, gróðurhúss og annarra sögulegra mannvirkja.

Þá staðfesti ráðherra einnig Neðstikaupstað og Skutulsfjarðareyri sem sérstakt verndarsvæði í byggð og var það gert að tillögu Ísafjarðarbæjar. Neðstikaupstaður er elsta húsabyrping landsins sem enn stendur. Húsabyrpingin stóð upphaflega á mjóum tanga, sem var syðsti hluti Eyrarinnar, og voru húsin fjögur reist á árunum 1757 til 1784. Skutulsfjarðareyri skiptist í Miðkaupstað og Hæstakaupstað, og er þar um að ræða samfellda og þétta byggð húsa á efra svæðinu á Eyrinni. Elst húsanna er Faktorshúsið sem reist var árið 1788.

Sjá tilkynningu ráðuneytisins hér: [Ráðherra friðlýsir Skrúð og staðfestir Neðstikaupstað og Skutulsfjarðareyri sem verndarsvæði í byggð á Ísafirði](#)



Mynd 26: Skrúður, 22 júlí 2021.



Mynd 27: . Ljósmynd af Neðstikaupstað frá 1885. Ljósmynd í eigu Byggðasafns Vestfjarða (ljósmynd frá Ljósmyndasafninu Ísafirði).

Ný stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi

Á síðustu árum hefur farið fram mikilvæg vinna í að marka stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi. Vinnan við stefnuna hófst í lok árs 2020 en var hún fullunnin um mitt ár 2022. Stefnan var formlega gefin út í upphafi árs 2023. Í verkefnisstjórn sátu: Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands (2013-2023), Sandra Sif Einarsdóttir, varaformaður fornminjanefndar, og Hanna Rósa Sveinsdóttir, formaður húsafriðunarnefndar. Ásta Hermannsdóttir, þáverandi verkefnastjóri hjá Minjastofnun Íslands leiddi vinnuna.

Ráðgjafar frá fyrirtækinu Stratagem, þau Þórður Sverrisson og Ása Karin Hólm Bjarnadóttir, mótuðu verkefnið og stýrðu því. Vorið 2021 voru skipaðar nýjar fornminja- og húsafriðunarnefndir og fengu þá formenn nýrra nefnda sæti í verkefnisstjórninni, þau Andrés Skúlason, formaður fornminjanefndar, og Arnhildur Pálmadóttir, formaður húsafriðunarnefndar.

Öflugt samráð var haft við hagsmunaaðila, bæði innan minjavörslunnar og utan hennar. Markmið samráðsins var að fá fram ólík og fjölbreytt sjónarmið á þau málefni sem stefnan snýr að.

Minjastofnun Íslands þakkar verkefnisstjórninni fyrir vel unnið starf sem og öðrum aðilum sem komu að mótun stefnunnar.

Hægt er að sækja stefnuna rafrænt með því að smella á eftirfarandi hlekk: [Stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi](#).



m Minjastofnun
Íslands

Stefna 2022-2027
um verndun og rannsóknir á
fornleifum og byggingararfi

Mynd 28: Forsíðumynd nýs stefnuskjals sem sýnir Hraunsrétt í Aðaldal í Þingeyjarsveit.

Ráðgefandi nefndir og minjaráð

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda; fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar, og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði, mönnuð hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Lista yfir minjaráðsfulltrúa á hverju minjasvæði ásamt fundargerðum má sjá á [heimasíðu Minjastofnunar Íslands](#).

Fornminjanefnd:

- Andrés Skúlason, formaður, skipaður án tilnefningar
- Ármann Guðmundsson, varaformaður, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- María Karen Sigurðardóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- Andrés Pétursson, tilnefndur af Rannís
- Anna Guðrún Björnsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Húsafriðunarnefnd:

- Arnhildur Pálmadóttir, formaður, skipaður án tilnefningar
- Ágúst Hafsteinsson, varaformaður, skipaður án tilnefningar
- Sigbjörn Kjartansson, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands
- Magnús Karel Hannesson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Helga Maureen Gylfadóttir, tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn:

- Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar
- Guðmundur Ólafsson, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- Sigríður Þorgeirsdóttir, tilnefnd af Félagi norrænna forvarða
- Steinunn S. Jakobsdóttir, tilnefnd af Rannís
- Valur Rafn Halldórsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Varamenn:

- Hanna Rósa Sveinsdóttir, skipuð án tilnefningar,
- Guðmundur Þór Guðmundsson, skipaður án tilnefningar,
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands,
- Margrét Þormar, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Örlygur Kristfinnsson, tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum. Hér á eftir eru upplýsingar um nokkur þeirra.

Innlent samstarf

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er ókeypis ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns þar fyrir svörum. Magnús Skúlason, arkitekt, sinnir Húsverndarstofu á Árbæjarsafni fyrir hönd Minjastofnunar.

Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í eftirfarandi ráðum og nefndum:

- Kirkjugarðaráð
- Ráðgjafarnefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Breiðafjarðarnefnd
- Samráðsnefnd um menningarsamninga UNESCO

Aðrir samstarfshópar/nefndir:

- Rammaáætlun - vernd og orkunýting landsvæða
- Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM)
- Fagráð náttúruminjaskrár
- Íslandsdeild ICOMOS
- Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi
- Samráðsnefnd um Þjórsárdal
- Samráðsnefnd um Bessastaði

Alþjóðlegt samstarf

NHHF (Nordic Heritage Heads Forum)

EHHF (European Heritage Heads Forum)

EHLF (European Heritage Legal Forum)

EAC (Europae Archaeologiae Consilium)

NBM (Nordic Working Group on Biodiversity)

EHD (European Heritage Days)

Hægt er að lesa nánar um samstarfsverkefni Minjastofnunar Íslands [hér](#).



Mynd 29: Ársfundur NHHF 2023 í Kotka, Finnlandi.

Leyfisveitingar

Fornleifarannsóknir


Árið 2023 voru veitt leyfi til 56 fornleifarannsókna. Vísindarannsóknir voru 30, rannsóknir vegna framkvæmda voru 23, björgunarrannsóknir voru 1 og 2 leyfi voru vegna eftirlits með framkvæmdum. Tvær rannsóknir fóru ekki fram og voru fornleifarannsóknir með jarðraski því alls 54.

Ár	Veitt leyfi	Þar af vísindarannsóknir
2016	55	36
2017	59	34
2018	63	34
2019	52	22
2020	44	15
2021	60	17
2022	55	24
2023	56	30


Inn- og útflutningur menningarminja

Árið 2023 bárust alls 18 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta. Tvö leyfi voru veitt til tímabundins útflutnings gripa og sýna úr fornleifauppgröftum til rannsókna erlendis, tvö leyfi voru veitt til endanlegs útflutnings menningarverðmæta og 14 leyfi til útflutnings sýna til eyðandi greiningar. Einnig barst ein tilkynning um skil á sýnum úr fornleifarannsókn til Íslands.

Hlutfall leyfa eftir minjasvæðum



Leyfi til útflutnings menningarverðmæta



Skráning menningarminja

Hús og mannvirki


Á árinu tók Minjastofnun Íslands við 17 húsakönnunum, þar af voru 15 unnar í tengslum við skipulagsvinnu og tvær voru unnar í rannsóknarskyni. Var staðan sú við árslok að öllum skýrslum hafði verið skilað og voru orðnar aðgengilegar í Minjavefsjóni sem og á sérstakri vefsíðu.

Fornleifar


Alls bárust Minjastofnun 117 fornleifaskráningarskýrslur ásamt tilheyrandi gögnum úr 115 skráningarverkefnum.

Áfram var unnið að því að setja skráningargögn úr fornleifaskráningum í landfræðilegan gagnagrunn stofnunarinnar en hann innihélt undir lok árs upplýsingar um 17.509 fornleifar. Hið sama má segja um þær skýrslur sem bárust stofnuninni á árinu en unnið er að því jafnt og þétt að gera þær aðgengilegar í gegnum vefsíðu stofnunarinnar. Var staðan sú við árslok að 97% fornleifaskráningarskýrslna, sem til eru á rafrænu formi í fótum Minjastofnunar, voru orðnar aðgengilegar í Minjavefsjóni sem og á sérstakri vefsíðu.

Hlutfall skráninga eftir minjasvæðum



Tilfni skráninga




Málafjöldi og viðfangsefni

Árið 2023 voru 1916 mál skráð í GoPro.net, málaskráningarkerfi stofnunarinnar. Það er 324 máli fleira en árið 2022. Tekið skal fram að fjöldi mála gefur einungis ákveðna innsýn í starfsemi stofnunarinnar. Mörg verkefni ná yfir fleiri en eitt ár auk þess sem hluti starfseminnar, sem snýr t.a.m. að útgáfu og miðlun, ráðgjöf og leiðbeiningum, ratar ekki inn í málaskráningarkerfið.


Samanburður við 2022

Heildarfjöldi mála árið 2022 var aðeins 1592, er þetta töliverð aukning milli ára. Tekið skal þó fram að árið 2022 varð lækkun milli ára sem teljast má óeðlilegt. Venjan hefur verið jafn og þétt hækkun milli ára.


Heildarfjöldi mála



Málafjöldi eftir minjasvæðum, samanburður við 2022




Umsagnarskyld mál eftir minjasvæðum




Einnig voru **13** mál sem dreifðust yfir **allt landið** sem ekki má sjá í töflu


Umsagnarskyld mál, samanburður við 2022



Viðhald, endurbætur, forvarsla og útflutningur, samanburður við 2022



Önnur mál, samanburður við 2022



Fjármál

Fornminjasjóður

	<i>Fjöldi umsókna</i>	<i>Fjöldi styrkja</i>	<i>% styrkt</i>	<i>Fornleifa-uppgröftur (og úrvinnsla)</i>	<i>Fornleifa-skráning</i>	<i>Rannsóknir á forngripum</i>	<i>Miðlun</i>	<i>Varðveisla og viðhald</i>	<i>SAMTALS STYRKIR</i>
Reykjavík og nágrenni	5	3	60%	2				1	9,621,000
Reykjanes	2	2	100%	1	1				4,904,000
Vesturland	7	3	43%	1	1	1			7,400,000
Vestfirðir	10	7	70%	3		1		3	13,340,000
Norðurland vestra	3	2	67%	1	1				9,500,000
Norðurland eystra	9	4	44%	2	1			1	8,772,000
Austurland	6	4	67%	3	1				10,222,000
Suðurland	14	10	71%	6	3	1			33,541,000
Allt landið/fleiri en eitt minjasvæði/óstaðbundið	8	5	63%	1	1	2	1		9,288,000
Samtals	64	40		20	9	5	1	5	106,588,000
Fornleifauppgröftur/úrvinnsla	25	20	80%						
Fornleifaskráning	12	9	75%						
Miðlun	6	1	17%						
Rannsóknir á forngripum	6	5	83%						
Varðveisla/viðhald menningarminja	15	5	33%						
Samtals	64	40							

Tafla 1. Úthlutanir úr fornminjasjóði.

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2022 má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [hér](#).

Fornminjasjóður, rekstrarreikningur

Tekjur	
<i>Tekjufærsla fjárveitinga</i>	109,100,000
<i>Framlög og ýmsar tekjur</i>	412,561
Tekjur samtals	109,512,561
Gjöld	
<i>Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</i>	3,014,841
<i>Framlög og tilfærslur</i>	109,088,000
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	455,533
Gjöld samtals	112,558,374
Afkoma ársins	(-3,045,813)
Eigið fé	
<i>Höfuðstóll í upphafi árs</i>	7,084,919
<i>Afkoma ársins</i>	(-3,045,813)
<i>Höfuðstóll í árslok</i>	4,039,106

Tafla 2. Rekstrarreikningur fornminjasjóðs fyrir árið 2023.

Húsafríðunarsjóður

<i>Svæði</i>	<i>Fjöldi umsókna</i>	<i>Fjöldi styrkja</i>	<i>Friðlýstar kirkjur</i>	<i>Friðlýst hús</i>	<i>Friðuð hús og mannvirki</i>	<i>Önnur hús og mannvirki</i>	<i>SAMTALS STYRKIR</i>
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	69	61	12,700,000	36,000,000	42,200,000	5,000,000	95,900,000
Vesturland	16	14	7,600,000	10,500,000	11,500,000	0	29,600,000
Vestfirðir	37	31	10,800,000	9,800,000	16,800,000	4,200,000	41,600,000
Norðurland	57	43	23,800,000	13,200,000	24,500,000	4,600,000	66,100,000
Austurland	36	33	13,400,000	1,700,000	24,600,000	2,000,000	41,700,000
Suðurland	17	16	5,300,000	10,300,000	5,600,000	1,500,000	22,700,000
	232	198	73,600,000	81,500,000	125,200,000	17,300,000	297,600,000
<i>Tegund</i>							
Byggða- og húsakannanir	2	2					6,700,000
Rannsóknir og önnur verkefni	6	5					4,300,000
Verndarsvæði í byggð	0	0					0
SAMTALS	240	205	73,600,000	81,500,000	125,200,000	17,300,000	308,600,000

Tafla 3. Úthlutanir úr húsafríðunarsjóði 2023.

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2023 má finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, [hér](#).

Húsafríðunarsjóður, rekstrarreikningur

Tekjur	
<i>Tekjufærsla fjárveitinga</i>	387,300,000
<i>Framlög og ýmsar tekjur</i>	58,163,700
	Tekjur samtals
	445,463,700
Gjöld	
<i>Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</i>	1,585,810
<i>Framlög og tilfærslur</i>	444,939,138
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	3,188,059
<i>Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</i>	1,856
	Gjöld samtals
	449,714,863
	Afkoma ársins
	(-4,251,163)
Eigið fé	
<i>Höfuðstóll í upphafi árs</i>	18,440,317
<i>Afkoma ársins</i>	(-4,251,163)
<i>Höfuðstóll í árslok</i>	14,189,154

Tafla 4. Rekstrarreikningur húsafríðunarsjóðs fyrir árið 2023.

Minjastofnun Íslands, rekstrarreikningur

Tekjur	
<i>Tekjufærsla fjárveitinga</i>	346,600,000
<i>Framlög og ýmsar tekjur</i>	79,012,169
<i>Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður</i>	0
<i>Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára</i>	9,519,344
Tekjur samtals	435,131,513
Gjöld	
<i>Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</i>	276,459,856
<i>Framlög og tilfærslur</i>	(-3,000,000)
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	161,664,156
<i>Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap</i>	36,263
<i>Afskriftir og niðurfærslur</i>	9,519,344
Gjöld samtals	444,679,619
Afkoma ársins	(-9,548,106)
Eigið fé	
<i>Höfuðstóll í upphafi árs</i>	36,636,862
<i>Afkoma ársins</i>	(-9,548,106)
<i>Höfuðstóll í árslok</i>	27,088,756

Tafla 5. Rekstrarreikningur Minjastofnunar Íslands fyrir árið 2023.

Ársskýrsla 2023



Minjastofnun
Íslands